


Sveitarfélagið Árborg - Grunnskóli í Suðurbyggð á Selfossi



YFIRLITSMYND 1:7500

SKÝRINGAR

	DEILISKIPULAGSMÖRK		FYRIRHUGUÐ BYGGING		LÓÐARSTÆRÐ
	LÓÐARMÖRK OG SKÓLALÓÐ		FRAMTÍÐAR STÆKKUN		NÝTINGARHLUTFALL
	BYGGINGARREITUR		LEIKSKÓLALÓÐ		LÁGMARKSFJÖLDI BIFREIÐASTÆÐA
	KVÍÐ UM VEITUR		BRAMLAÐ LAND		STÆRÐ BYGGINGA MEÐ STÆKKUN



DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:1000

0. Breytingar

0.0 Almenn

Verði um breytingar á skilmálum þessum að ræða verður þeirra getið í þessum kafla, í þeirri röð sem þær verða afgreiddar í skipulagsnefnd. Breytingar verða dagsettar og skilmálarir fá þá nýtt útgáfunúmer. Fyrsta útgáfa er númeruð 0.0, næsta útgáfa (fyrsta breyting) er merkt 0.1 ásamt dagsetningu breytinga o.s.fv. Texti viðkomandi breytinga og eða viðbóta verður ská- og svartlettraður sem liður 0.1 í þessum kafla, næsta breyting sem liður 0.2, o.s.fv.

1. Forsendur

Í gildandi deiliskipulagi fyrir Suðurbyggð Selfossi var skipulagi á lóðinni Norðurhólar 1 frestað, en það skilgreint sem stofnana- og þjónustulóð. Nú hefur sú ákvörðun verið tekin hjá sveitarfélaginu Árborg að reisa nýjan, tveggja hliðstæðu, heilstæðan grunnskóla, ásamt íþróttahúsi, sundlaug, leikskóla og hugsanlega tónlistarskóla o.fl. á lóðinni.

1.1 Gögn skipulagsáætlunar

Deiliskipulagsáætlunin er lögum samkvæmt sett fram í greinargerð þessari, ásamt skipulagsupprætti í mælikvarða 1:1000 dags. 30.10.2002.

1.2 Skipulagsforsendur

Forsendur skipulagsins er aðalskipulag Selfoss 1995-2015, staðfest þann 4. september 1996, og fyrirliggjandi deiliskipulag fyrir Suðurbyggð Selfossi - íbúðarhverfi C, staðfest 13. okt. 1999.

1.3 Afmörkun og aðkoma

Skipulagssvæðið afmarkast af Norðurhólum til norðurs, Erlurima til austurs, Fólaldahólum til suðurs og Tryggvagötu til vesturs. Aðaláðkoma bifreiða að skólalóðinni er frá Norðurhólum, þaðan sem áðkomur inn á bifreiðastæði og að sorgþeymslu skólans eru. Þá er jafnframt gert ráð fyrir rútblástæðum við Norðuhóla. Bilstæði leikskóla er við Norðurhóla og Erlurima. Umferð fótgangandi og hjólandi vegferenda að skólanum kemur eftir göngu- og hjólastigum úr öllum átum og þar sem þær leiðir þvera gótur er gert ráð fyrir hraðahindrun. Á lóðinni verður séð fyrir góðum tengingum við alla þessa stíga.

1.4 Staðhættir

Vísáð er í grein 1.1. í gildandi deiliskipulagi fyrir Suðurbyggð Selfossi.

2. Stefnumörkun og skilmálar.

2.1 Almenn

Við gerð deiliskipulagsins sem hér er sett fram voru þarfir nýs grunnskóla í Suðurbyggð og byggingum tengdum starfsemi hans fyrst og fremst hafðar í huga. Skólinn er hannaður í samræmi við hugmyndavinnu samstarfsþóps um skólastarf og skólabyggingu í Suðurbyggð Selfossi (skýrsla samstarfsþóps útg. maí 2002). Það sem mun aðgreina skólann fyrst og fremst frá öðrum skólum er mikil fjölbreytni og sveigjanleiki í skólastarfinu, jafnt innandyra sem utan. Þá verður í byggingunni jafnframt starfrækt hverfismistöð sem verður opin allan daginn (einnig utan skólatíma) og má því gera ráð fyrir að skólastarf verði talsvert frábrugðið því sem gengur og gerist. Fyrirhuguð skólabygging endurspeglar þessar óhefðbundnu áherslur.

Deiliskipulag lóðarinnar gerir ráð fyrir einni aðalbyggingu sem segja má að sé samsett úr nokkrum ólíkum byggingarhlutum. Að auki er gert ráð fyrir þremur færanlegum kennslustofum vestan við bygginguna. Með nýstárlega hugmyndafræði skólans í huga er gert ráð fyrir ríflegum stækkunarmöguleikum og er byggingarreitur þ.a.l. hafður rúmur til að geta tekið á móti breytingum/stækkunum í framtíðinni. Þá verður ákveðinn hluti útleiksuvæða skilgreindur með sérstaka notkun til að tryggja framkvæmd þeirra.

Hér á eftir er lýst almennum skilmálum sem gilda að jafnaði um allar byggingar og framkvæmdir í tengslum við deiliskipulag þetta.

2.2 Nýtingarhlutfall

Gert er ráð fyrir að heildarbyggingarmagn á lóðinni verði að hámarki 11.500m². Lóðarstærð er alls 30.151m² og nýtingarhlutfall því um 0.38. Leikskólalóð fyrir utan leikskólabyggingu er 4.291 m² að stærð.

2.3 Byggingar

Allar byggingar skulu vera í samræmi við íslenska byggingarreglugerð nr. 441/1998. Allar byggingar skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á deiliskipulagsupprætti, þ.m.t. litlar útbýggingar, svalir o.s.fv. Byggingarreitir er auðkenndur með rauðri brottlini línu á upprættinum. Ekki er um neina bundna byggingarlínu að ræða og er því heimilt að staðsetja byggingar hvar sem er innan reitsins. Fyrirséðir stækkunarmöguleikar eru merktir inn á upprætti (skyggt appelsínugult svæði). Annar þessara möguleika er norðan við leikskóla eins og hann er skilgreindur á upprætti og hinn vestan fyrirhugaðs tónlistarskólalúss.

- Hámarksstærð bygginga kemur fram á skipulagsupprætti.
- Hámarksstærð bygginga er 32.00 m yfir sjávarmáli. Byggingar skulu vera ein til tvær hæðir en heimilt er að hafa tæknirými ofan á þökum (bakhæð).
- Öll þök skulu sýnast flöt.
- Klæðningar utanúss skulu annars vegar vera málmklæðningar og hins vegar múrkerfi.
- Færanlegar kennslustofur skulu þannig úr garði gerðar að með einföldum hætti megi koma þeim fyrir á lóðinni.

Í skipulagsreglugerð (nr. 440/1998) kafla 4.18 sem fjallar um svæði undir náttúrvá segir m.a. að í deiliskipulagi skuli skilyrði um styrkingu og útfærslu mannvirkja á slíkum svæðum vera gerð skil. Við burðarþolið byggginga á skipulagsreitnum skal fylgja gildandi evrópstöðlum ásamt tilheyrandi íslenskum þjóðarskjólum (NAD, FS ENV 1998-1-1-1994 Eurocode 8) sem tilgreinir kröfur vegna jarðskjálftakrafa á svæðinu.

2.4 Aðkoma og bifreiðastæði

Aðaláðkoma bifreiða inn á deiliskipulagssvæðið er frá Norðurhólum. Gera skal ráð fyrir a.m.k. tveimur innkeyrslum inn á bifreiðastæði til að tryggja gott flæði bifreiða. Sorpbílar og bílar með aðföng að skólanum munu nota sömu innkeyrslur og skal því útfæra góða aðkoma þeirra inn á svæðið. Einnig skal séð fyrir góðri aðkoma bifreiða að smíðastofu, eldhúsum og aðalinnngöngum.

Eins og áður segir skal tryggja góð tengsi við göngu- og hjólastígakerfi hverfisins frá lóðinni. Lóðin verður umkringd íbúðarhverfum þegar fram í sækir og því má reikna með straumi gangandi vegferenda úr öllum átum. Inngangur inn á lögbygðina skulu því staðsettir með núverandi og framtíðar-göngustíga í huga (eins og upprættur sýnir).

Bifreiðastæði á lóðinni eru með hefðbundnum hætti. Bilstæði grunnskóla og hverfismistöðvar eru staðsett á norðvestur hluta lóðarinnar og eru þau alls 115 að tólu. Bilstæði leikskólans eru staðsett á norðaustur hluta lóðarinnar og eru þau alls 15 að tólu. Alls eru stæðin því um 130 talsins. Fjögur bilstæði eru ætíð fötuðum einstaklingum. Að auki eru 4 sleppistæði við hringtorg og 3 rútblástæði við Norðurhóla og 12 sleppistæði við Erlurima í tengslum við leikskóla. Stæðin eiga að þjóna öllu starfsfólki skólanna og gestum þeirra.

2.5 Sorgþeymslur

Sorgþeymslur skal koma fyrir á tveimur stöðum á lóðinni. Í tengslum við aðalbifreiðastæði skal koma fyrir geymslu fyrir stóra sorgþeymslur. Annari minni fyrir hefðbundnar sorptunnur skal koma fyrir inni á leikskólalóð. Gámar og tunnur skulu lokaðar inni í þar til gerðum skýlum sem að ytri gerð taka mið af öðrum byggingarefnum á lóðinni. Góð aðkoma sorpbíla skal tryggð að skýlum.

2.6 Frágangur lóðar

Frágangur lóðar skal almennt vera í samræmi við kafla 3 í byggingarreglugerð (441/1998) og samþykktu aðal- og lóðarupprætti. Að bifreiðastæðum undanskildum er lóðin skilgreind sem skóla- og leikskólalóð og skal útfæra hana í samræmi við það. Nota skal trjáróður til skjólmyndunar á lóðinni, bæði meðfram girðingum og umhverfis leiksvæði inni á lóðinni sjálfri. Innan lóðarinnar skulu gönguleiðir taka tillit til göngustíga í hverfinu hvað varðar tengingar. Þá skal tryggja gott aðgengi að öllum innngöngum skólans.

Sá hluti lóðarinnar sem tilheyrir leikskólanum skal afmarkaður með girðingu (ljósbrúnt svæði á upprætti). Girðingin skal vera hálfvagnsæ til að viðhalda sem bestum sjónrænum tengslum við aðra hluta lóðarinnar.

Svæði innan lóðarinnar með sérstakar skilgreiningar:

- Við lóðarönnunina skal gera ráð fyrir gerði eða afgirtu hófi þar sem ýmis húsdýr geta dvalist tímabundið.
- Við lóðarönnunina skal gera ráð fyrir skruðgarði og að hann verði í góðum tengslum við fyrirhugað gróðurhús skólans
- Við lóðarönnunina skal gera ráð fyrir tjóm eða læk á skólalóðinni.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr.

25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 var

samþykkt í Skipulags- og byggingarnefnd Árborgar þann

25/3 2003 og í bæjarstjórn þann

9/4 2003 *Einar Njálsson*

Deiliskipulag þetta var auglýst frá 29/

2003 til 26/2 2003.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í

B-deild Stjórnartíðna þann 2003

02-2. feb. 2004 - Lagfæringer á texta í greinargerð og gildi nýtingarhlutfalls á upprætti, skv. athugasemdemum skipulagsstofnunar
01-7. des. 2002 - Lóðarskipulag
BR. DAGS. BREYTING
REIN. TEKN.
Helga Þ. Björnsdóttir 280445-7107

Á STOFUNNI ARKITEKTAR FINNUR BJÖRNSON
HILMAR ÞÓR BJÖRNSSON
SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR
BERGSTADASTRÆTI 10, RVK. sími:551-1460, netfang:stofan@stofunni.is

NORÐURHÓLAR 1 SELFOSSI
GRUNNSKÓLI SUÐURBYGGÐ

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

KVARNR: 1:1000 / 7.500
REKJAVÍK: 30.10.2002
VERKFR. TEKN. NR. 001